



## Fundargerð

Fimmtudaginn 7. ágúst 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 9.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarsson, Vignir Sveinsson, Halldór G. Ólafsson og Magnús B. Jónsson.

Magnús B. Jónsson setti fundinn og stýrði kjöri formanns.

### 1. Kosning formanns, varaformanns og ritara

Tillaga um að Jón Gíslason verði formaður var samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins. Vignir Sveinsson var kjörin varaformaður og Halldór G. Ólafsson ritari.

### 2. Fræðslustjóri

Harpa B. Hermannsdóttir sem ráðin hefur verið fræðslustjóri í stað Guðjóns Ólafssonar mætti á fundinn og gerði grein fyrir helstu verkefnum og hugmyndum sem hún hefur sem fræðslustjóri og hvaða áherslur hún muni leggja. Hún gerði grein fyrir þeim verkefnum sem voru komin í farveg í tíð Guðjóns og gert er ráð fyrir að haldi áfram. Einnig hvernig stoðkerfi og þjónusta við fræðslumál hefur verið háttað.

Umræður urðu um helstu verkefni en ekki gerðar ályktanir.

### 3. Fjárhagur og rekstur

Fyrir fundinum lá yfirlit um rekstur fyrstu 6 mánuði ársins. Samkvæmt þeim yfirlitum sem lágu fyrir fundinum er rekstur í jafnvægi miðað við fjárhagsáætlun. Stjórnin ræddi yfirlitin og fjárhagslega stöðu almennt en málið var til kynningar.

### 4. Skipun félagsmálaráðs /barnaverndarnefndar

Eftirtaldir voru skipaðir í félagsmálaráð til fjögurra ára:

Guðbjörg Ólafsdóttir	til vara	Jensína Lýðsdóttir
Stefán Ólafsson	til vara	Kári Kárason
Jófríður Jónsdóttir	til vara	Anna Margrét Sigurðardóttir
Hjalti V. Reynisson	til vara	Sigríður Gestsdóttir
Þorbjörg Bjarnadóttir,	til vara	Líney Árnadóttir

### 5. Hnitbjörg, framkvæmdir

Fyrir fundinum lá samantekt um framkvæmdir ársins 2013 og yfirlit um frágang eftir þær framkvæmdir. Fyrir fundinum lá einnig samningur við Ágúst Þór Bragason um hellulögn og frágang utanhúss. Stjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og það sem gert hefur verið og gera þarf við húseignina. Samningur við Ágúst Þór var staðfestur.



## 6. Sæborg, framkvæmdir

Fyrir fundinum lá úttekt á viðhaldspörf Sæborgar sem Atli Gunnar Arnórsson hjá verkfræðistofunni Stoð hafði gert og var áður lögð fram í fyrri stjórn. Einnig lá fyrir tilboð frá Helga Gunnarssyni þar sem boðið er í þá verkþætti sem áður hafði verið forgangsraðað og gert ráð fyrir að verði unnir á árinu 2014.

Stjórnarmenn ræddu fyrirhugaðar framkvæmdir og fóru til að skoða húseignina. Stjórn samþykkti fyrir sitt leyti að taka 17 milljón króna lán til framkvæmdanna og fól framkvæmdastjóra að senda sveitarstjórnnum erindi þess efnis að veita ábyrgð fyrir því láni frá Lánasjóði sveitarfélaga. Stjórn samþykkti jafnframt að ganga til samninga við Helga Gunnarsson um verkið á forsendum þess tilboðs sem lá fyrir fundinum og fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningi sem lagður verði fyrir stjórn til endanlegrar staðfestingar. Áhersla var lögð á að framkvæmdir ársins verði þó innan ramma fjárhagsáætlunar sem gerir ráð fyrir 14,6 milljón króna framkvæmdakostnaði í Sæborg.

## 7. Rætur, aðalfundur 30. sept. 2014

Fyrir fundinum lá fundarboð á aðalfund Róta bs. sem haldinn verður 30. september 2014 í menningarhúsinu Dalvík. Félags og skóláþjónustan á ekki fulltrúa með beinum hætti á aðalfundinum heldur hvert sveitarfélag skv. samþykktum. Fundarboðið var því til kynningar.

## 8. Önnur mál

Umræður urðu um dreifnám en ákveðið að taka þá umræðu á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 13,00

Jón Gíslason,

Valgarður Hilmarsson,

Vignir Sveinsson,

Halldór G. Ólafsson

Magnús B. Jónsson